

Sæl,

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar.

Að setja girðingu í kringum höfuðborgarsvæðið tel ég brjóta á jafnrétti þegna í landinu. Einnig hefur maður grun um að þetta sé leið stjórnmalamanna að koma vegaframkvæmdum í einkaeigu fjármálamanna sem munu þá um ókomna framtíð græða persónulega á ferðafrelsi þegna landsins.

Kveðja,
Magnús Steinarr Norðdahl
kt. 270862-2339